


# ÁRSSKÝRSLA

## 2023–2024

EFLING
STÉTTARFÉLAG

*Ársskýrsla Eflingar stéttarfélags 2023–2024*

*Ritstjórar: Ragnheiður Hera Gísladóttir og Perla Ösp Ásgeirsdóttir*

*Ábm.: Sólveig Anna Jónsdóttir*

*Hönnun og umbrot: Ragnheiður Hera Gísladóttir, Hilmar Þór Norðfjörð og Þorfinnur Sigurgeirsson*

*Prentun: Litlaprent*

*Skýrsla stjórnar Eflingar stéttarfélags er unnin að miklu leyti upp úr heimildum og gögnum félagsins, m.a. fundargerðum stjórnar Eflingar, gögnum tengdum kjarasamningum félagsins og heimildum frá stjórnum sjóða félagsins. Þá er stuðst við frásagnir og umfjöllun um félagið í tímaritum Eflingar og á heimasíðu.*

EFLING STÉTTARFÉLAG

## EFNISYFIRLIT


Bls.

Ávarp formanns. . . . . . . . . . 3

Inngangur framkvæmdastjóra . . . . . . . . . . 5

Kjarabaráttan . . . . . . . . . . 7

Mannauður skrifstofu Eflingar . . . . . . . . . . 8

Starfsemi Þjónustusviðs . . . . . . . . . . 9

Starfsemi Vinnuréttindasviðs . . . . . . . . . . 10

Starfsemi Orlofssviðs. . . . . . . . . . 12

Fræðslu- og félagsmál. . . . . . . . . . 14

Stjórn og stjórnir sjóða Eflingar stéttarfélags. . . . . . . . . . 19

Samstæðuársreikningur . . . . . . . . . . 21

# ÁVARP FORMANNS



*Sólveig Anna Jónsdóttir*
*Formaður Eflingar stéttarfélags*

Kæru Eflingarfélagar

Nú í vetur komu stjórnvöld vel til móts við kröfur Breiðfylkingarinnar um úrbætur á tilfærslukerfum velferðarsamfélagsins. Endurreisn kerfanna hófst loksins, eftir árásir og niðurrif nýfrjálshyggjunnar síðustu áratugi. Hvernig tókst okkur að fá ríkisstjórnina til að nær tvöfalda útgjöld til velferðarmála sem hlutfall af landsframleiðslu, eftir heilan áratug þar sem þessi útgjöld lækkuðu ár frá ári? Iðulega þegar markverður árangur næst er það atburðarásin sem á undan kom sem segir stóran part sögunnar. Það gildir hér. Það var fyrst og fremst ríkulegur baráttuvilji verkafólks á höfuðborgarsvæðinu, sem Efling hefur sýnt í verki að er svo sannarlega til staðar, sem varð til þess að þessi árangur náðist.

Að sama skapi er það vegna herskárrar og markvissrar baráttu Eflingar fyrir því að leiðrétta sögulega vanmetin kvennastörf að stórir hópar Eflingarfélaga, starfsfólk í leikskólum og velferðarþjónustu, fá nú sérstakar viðbótargreiðslur.

Í kjarasamningunum sem undirritaðir voru á almenna markaðnum fyrir skemmstu af Eflingu, SGS og Samiðn — Breiðfylkingunni svokölluðu — náðist einnig sögulegur árangur í að lyfta með sérstökum greiðslum þeim ómissandi hópi fólks sem starfar við ræstingar á almenna vinnumarkaðinum. Sú aðgerð felur í sér raunverulegt skref í átt að því að efnahagsleg staða ræstingafólks batni, en sá hópur er að mestu skipaður aðfluttum konum.

Að baki þessum árangri liggur erfið vinna og löng barátta. Við skulum ekki gleyma að ræstingafólk samþykkti verkfallsaðgerðir í febrúar 2023 með meira en 80% atkvæða, eftir herferð þar sem virkt félagsfólk heimsótti vinnustaði ræstingafólks og haldnir voru vel undirbúnir fundir með þeim. Við skulum líka rifja upp að í átökunum 2022-2023 samþykkti einnig hótelstarfsfólk, olíubílstjórar og öryggisverðir verkfallsaðgerðir, í öllum tilvikum með öruggum meirihluta. Það traust og baráttuvilji sem félagsfólk sýndi þar byggði á uppsafnaðri reynslu Eflingarfélaga úr verkfallsátökum samningalotunnar 2019-2020, þar sem Efling endurvakti verkfallsbaráttu ófaglærðs verkafólks eftir áratuga svefn. Skref af skrefi höfum við vakið atvinnurekendur og stjórnmálastéttina til vitundar um að kúgun og arðrán á vinnu okkar sé ekki náttúrulegt ástand, heldur óréttlæti sem við getum og munum rísa upp gegn.

Við náðum ekki aðeins árangri í kjarasamningsviðræðum í vetur. Við höldum einnig áfram að ná árangri í að tryggja að Efling starfi fyrst og síðast fyrir Eflingarfólk.

Umbætur í rekstri félagsins með þarfir félagsfólks í forgrunni er verkefni sem stjórn, í samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins, brennur fyrir og sinnir af metnaði. Við höfum sett okkur það markmið að vera í fremstu röð verkalýðsfélaga þegar kemur að þjálfun trúnaðarmanna og því að gefa öllu Eflingarfólki sem áhuga hefur möguleika á félagspólitískri þátttöku í stærsta og öflugasta félagi verkafólks á Íslandi, Eflingu - stéttarfélagi. Sameinuð, skipulögð og virk erum við sterkari, hvort sem er inni á vinnustöðum okkar gagnvart yfirmönnum okkar eða þegar við mætum skipulögðum samtökum atvinnurekenda í Karphúsinu.

Við ætlum að halda áfram að þróa aðferðir okkar við að opna félagið, tryggja að áherslur í kjarasamningagerð séu mótaðar af félagsfólki og að samningaviðræður séu opnar og lýðræðislegar. Við erum stolt af því að vera í dag orðin sýnilegasta afl verkafólks í kjaraviðræðum og í samfélagsumræðunni allri. Þegar við mætum á staðinn — fjölmenn en öguð, með raunsæjar áætlanir til sigurs, hefluð af reynslu síðasta hálfa áratugarins — þá er okkur loksins sýnt brot af þeirri virðingu sem við eigum skilið. Við erum útsjónarsöm og getum breytt um aðferðir þegar þörf er á, en sláum þó aldrei af þeim kröfum sem við höfum sjálf sett okkur um að tryggja að upplýsingamiðlun til félagsfólks um innihald og eðli kjaraviðræðna sé gagnsæ og heiðarleg, og að öllum sem vilja taka þátt í vinnunni af alvöru og hollustu sé gefið tækifæri til þess.

Efling hefur skapað sér þá stöðu að vera raunverulegt hreyfiafl breytinga og framfara í íslensku samfélagi. Við erum á réttri braut og höldum áfram að feta hana.




Eflingarfólk vinnur langa daga við andlega og líkamlega erfið störf. Eflingarkarlar eru með hvað lengstan vinnutíma allra á íslenskum vinnumarkaði. Hátt í 20% Eflingarkvenna eru í tveimur vinnum. Þó gefur stór hópur Eflingarfólks sér tíma til að taka þátt í störfum félagsins. Það er vegna þess metnaðar sem meðlimir í stjórn, samninganefnd og trúnaðarráði Eflingar hafa fyrir því að vera í fremstu röð þeirra sem berjast fyrir réttlæti og jöfnuði í íslensku samfélagi.

Félagsfólk Eflingar er upprunnið frá 144 löndum. Við erum fædd hér á Íslandi og við erum frá Póllandi, Litháen, Rúmeníu, Lettlandi, Filippseyjum, Víetnam, Tælandi, Úkraínu, Spáni, Venesúela, Portúgal og Króatíu. Við erum frá Bandaríkjunum, Hondúras, Ghana, Afganistan og Palestínu. Svo mætti áfram telja. Í öllu starfi Eflingar leitum við að því sem sameinar okkur, og festumst aldrei í því sem skilur að. Karlar og konur berjast hlið við hlið fyrir betra samfélagi, sem og þau sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og þau sem eru að hætta störfum vegna aldurs. Fólk sem talar ólík tungumál og er með fjölbreyttan menningarbakgrunn hefur fundið leiðir til að vinna saman og standa saman. Þvert á þau ósannindi sem sífellt fleiri virðast trúa — að ólíkur bakgrunnur geri ekkert nema skapa erfiðleika í mannlegum samskiptum — höfum við fundið og séð í eigin lífi að fjölþjóðlegur bakgrunnur auðgar tilveru okkar. Með því að líta á fjölbreytni Eflingarfólks sem afl ólíkt öllu á Íslandi og uppsprettu styrkleika veit ég að við höfum náð betri árangri en ella. Ég er stolt af mörgu sem við höfum áorkað á síðustu árum, en stoltust þó af því að hafa aldrei slegið af kröfunum um að Efling væri sannarlega opin öllu Eflingarfólki.

Við Eflingarfólk höfum nú frá því að fyrst var kosið um forystu í sögu félagsins árið 2018 tekið fjölmarga slagi. Við höfum náð árangri í samningaviðræðum. Við höfum náð árangri í að fá stjórnvöld til að viðurkenna ábyrgð á lífsskilyrðum vinnuaflsins. Við höfum virkjað hópa félagsfólks til þátttöku í erfiðum verkfallsaðgerðum og haft betur. Við höfum náð árangri í uppbyggingu á félaginu okkar. Við höfum staðið saman í gegnum erfiða tíma, stutt hvort annað og neitað að gefast upp. Af því megum við vera stolt á hverjum degi.

Með samstöðuna að vopni sýnum við styrk okkar, og það munum við halda áfram að gera. Vöðvaafl, heilaafl og hjartaafl Eflingarfólks skapar og viðheldur þjóðfélaginu. Það vitum við og þess vegna krefjumst við áhrifa og virðingar í samfélaginu sem hvílir á vinnu okkar. Við erum ómissandi. Af þeirri einföldu ástæðu munum við ná árangri.

# INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



*Perla Ösp Ásgeirsdóttir*
*Framkvæmdastjóri Eflingar stéttarfélags*

Það má með sanni segja að árið 2023 hafi verið viðburðaríkt ár í rekstri skrifstofu Eflingar stéttarfélags. Eins og þekkt er stóð Efling í hörðum verkfallsaðgerðum á árinu sem óhjákvæmilega settu svip sinn á rekstur skrifstofunnar. Auk þess var farið í umfangsmikla umbyltingu í tæknimálum og þá tók skrifstofa Eflingar til sín innheimtu félagsgjalda.

## VERKFÖLL Í UPPHAFI ÁRS

Starfsfólk skrifstofu Eflingar studdi við verkfallsaðgerðir félagsfólks á fyrstu mánuðum ársins með skipulagningu, skráningu og móttöku gagna vegna greiðslna úr verkfallssjóði. Verkföllin stóðu yfir í þrjár vikur og náðu alls til 752 Eflingarfélaga, þá aðallega hótelstarfsfólks. Þrenn verkföll voru boðuð í janúar og allar verkfallsboðanirnar voru samþykktar af félagsfólki Eflingar. Verkfall hófst 7. febrúar hjá félagsfólki sem starfaði á hótelum í eigu Fosshótela og Íslandshótela. Þá bættist félagsfólk Eflingar sem starfaði hjá Berjaya hótelum við þann 15. febrúar, sem og bílstjórar við olíuflutninga.

Heildarendurgreiðslur úr verkfallssjóðum Eflingar voru um 195 m.kr. Það reyndist fyrst um sinn áskorun að halda utan um útgreiðslur handvirkt en með innleiðingu nýs félagakerfis hefur þetta umsóknar- og útgreiðsluferli verið einfaldað og rafvætt. Því er skrifstofa Eflingar mun betur í stakk búin til að undirbúa og vinna úr verkefnum tengdum verkföllum framtíðarinnar.

## UMBYLTING Í UPPLÝSINGATÆKNI

Snemma árs fjárfesti Efling stéttarfélag í 30% hlut í Tótal ehf., sem á og rekur félagakerfið Tótal. Með þeirri fjárfestingu tryggði Efling sér aðgengi að nýju félagakerfi og þátttökurétt í framþróun þessa í samstarfi við fjögur önnur stéttarfélög. Um er að ræða samstarfsverkefni um rekstur og framþróun Tótal, sem er sérhannað af stéttarfélagi fyrir stéttarfélög. Tótal tekur við af félagakerfinu Jóakim sem ekki mætti lengur þeim kröfum sem má gera til nútímatölvukerfa.

Á árinu var áhersla lögð á að bæta alla rafræna þjónustu fyrir félagsfólk. Farið var í breytingar á vefsíðu Eflingar til að gera þjónustuþætti og upplýsingamiðlun aðgengilegri og einfaldari. Þetta var meðal annars gert með því að bæta framsetningu upplýsinga og koma á nýju skipulagi fyrir mest sóttu vefsvæði síðunnar. Aukin áhersla var lögð á að hafa mikilvæga starfsemi Eflingar sýnilegri og að fréttamiðlun væri skilmerkileg. Svæði kjaramála á vefsíðu Eflingar hafa verið bætt og einfölduð, en sú vinna stendur enn yfir og mun halda áfram eftir árinu 2024.

Að auki voru gerðar umtalsverðar breytingar á *Mínum síðum*, en fram að sl. áramótum hafði Efling rekið eigin *Mínar síður*, í samstarfi við Origo. Með innleiðingu á Tótal félagakerfinu voru teknar upp *Mínar síður* sem eru innbyggðar í Tótal, en þar eru allar aðgerðir sem fyrir voru á *Mínum síðum* aðgengilegar félagsfólki, auk mun fleiri valmöguleika. Meðal annars bættust við 5 ný tungumál sem félagsfólk getur valið um.

Á árinu var einnig unnið að uppbyggingu gagnagrunns Eflingar stéttarfélags, en gögn félagsins höfðu áður verið vistuð hjá Reiknistofu lífeyrissjóða. Gögn Eflingar ná marga áratugi aftur í tímann og því var verkefnið umfangsmikið en verulega mikilvægt. Á tæknivæddum tímum felast veruleg verðmæti í gögnum og úrvinnslu þeirra, ekki síst fyrir eins breiðan hóp og félagsfólk Eflingar. Því verður lykilatriði að eignarhald og umsjón gagnanna sé hjá félaginu sjálfu en ekki þjónustuaðila tölvukerfis.

Á árinu tók skrifstofa Eflingar einnig upp nýtt bókhaldskerfi. Til að draga úr rekstraráhættu var innleiðingartíminn hafður eins langur og kostur var, auk þess sem margvíslegar prófanir voru gerðar á kerfunum. Mörg handtök þarf til undirbúnings í innleiðingum sem þessum og vann starfsfólk skrifstofu Eflingar hörðum höndum til þess að allt yrði klárt fyrir 1. janúar 2024 þegar skiptin færu fram.

Ný tölvukerfi voru tekin í notkun um áramótin 2023/2024 og þökk sé góðri undirbúningsvinnu starfsfólks Eflingar þá höfðu skiptin afar takmörkuð áhrif á þjónustu við félagsfólk. Þó eru enn ýmsir lausir endar sem verið er að hnýta og mun það væntanlega teygjast yfir á mitt ár 2024.

## MÓTTAKA OG INNHEIMTA FÉLAGSGJALDA FÆRÐ TIL EFLINGAR

Á árinu hófst undirbúningur fyrir móttöku félagsgjalda til Eflingar, en sú móttaka og úrvinnsla hafði um árabil verið hjá Gildi lífeyrissjóði. Í því skyni að upplýsa laungreiðendur um breytingarnar var auglýst í dagblöðum, send út bréf á laungreiðendur, stofnanir og bókhaldsskrifstofur, og sett upp sérstök lendingarsíða á vef Eflingar með leiðbeiningum um yfirfærsluna.

Um áramótin 2023/2024 hóf Efling svo móttöku á skilagreinum yfir félagsgjöld. Yfirfærslan gekk vonum framar þrátt fyrir smávægilega byrjunarörðugleika og eru nú lang flestir laungreiðendur farnir að greiða til Eflingar beint. Úrvinnslu mála sem enn eru hjá Gildi mun ljúka á fyrri hluta árs 2024, en samningur um móttöku Gildis á félagsgjöldum Eflingar rann út í febrúar 2024. Í þessari breytingu felst umtalsverð kostnaðarhagræðing, en Efling greiddi Gildi að jafnaði um 7 milljónir mánaðarlega fyrir þjónustuna.

## ENDURHÖNNUN Á STARFSSTÖÐ EFLINGAR Í GUÐRÚNARTÚNI

Starfsstöð Eflingar í Guðrúnartúni 1 var tekin í notkun árið 2000 og er því uppsetning húsnæðisins komin til ára sinna, bæði hvað varðar móttökuaðstöðu félagsfólks og aðbúnað starfsfólks Eflingar. Það var því hafist handa við endurhönnun starfsstöðvarinnar í samstarfi við ArkThing arkitekta og lágu grunnteikningar fyrir á haustmánuðum 2023. Eftir ítarlega greiningu og kostnaðarmat samþykkti stjórn Eflingar framkvæmdina á fyrsta fundi ársins 2024 og er undirbúningur fyrir framkvæmdir hafinn. Starfsfólk skrifstofu Eflingar mun kappkosta að halda góðu þjónustustigi á framkvæmdatíma en óhjákvæmilega munu þessar framkvæmdir hafa einhver áhrif á opnunartíma og aðgengi félagsfólks að skrifstofu Eflingar. Áætluð verklok eru á vormánuðum 2025.

## SAGA VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR FLUTT TIL ÞJÓÐSKJALASAFNS

Efling stéttarfélag á í grunninn langa sögu. Efling á ættir að rekja til verkalýðsfélaganna Dagsbrúnar, Framsóknar, Sóknar, Iðju og fleiri félaga sem eru samofin sögu verkalýðsbaráttu Íslands. Í geymslum Eflingar í Guðrúnartúni var að finna skjöl og myndir frá öllum þessum félögum, allt aftur til aldamóta 1900. Um er að ræða mjög markverð skjöl sem geyma djúpa og mikla sögu og er varðveislu þeirra mun betur fyrir komið hjá Þjóðskjalasafni Íslands þar sem gögnin eru aðgengileg fyrir þjóðina. Efling stéttarfélag fékk því Avanti skjalaráðgjöf til liðs við sig til úrvinnslu, flokkunar og skráningar gagnanna og undirbúnings þess að senda skjölin til Þjóðskjalasafns. Á árinu var skjölum pakkað í 582 öskjur fyrir slíka sendingu sem fyrirhuguð er. Verkefnið er langt komið og mun ljúka á árinu 2024.

## FJÁRMÁL FÉLAGSINS

Ánægjulegt er að greina frá því að algjör viðsnúningur varð á rekstri Eflingar á árinu 2023 frá fyrra ári. Hagnaður félagsins nam tæpum 715 milljónum króna, borið saman við tap upp á rúmar 9 milljónir króna árið 2022. Árið 2022 var ár umbreytinga í rekstri Eflingar og höfðu þær breytingar töluverðan kostnað í för með sér. Breytingarnar sem þá var ráðist í skiluðu sér hins vegar þegar á síðasta ári, meðal annars í samdrætti í almennum rekstrarkostnaði félagsins.

Félagsgjöld félagsins hækkuðu um 21% milli ára og námu á síðasta ári 3.184,4 milljónum króna. Umtalsverður einskiptishagnaður varð til vegna gengishagnaðar í verðbréfaviðskiptum, alls tæplega 447 milljónir króna. Eigið fé jókst um rúman 1 milljarð króna milli ára og var í árslok tæplega 14,8 milljarðar króna.

Kostnaður félagsins jókst á milli ára en þar er einkum um að ræða verkfallsstyrki og aukna aðsókn í sjúkrastyrki, sem setja mark sitt á uppgjörið. Kostnaður vegna útgreiðslu bóta og styrkja jókst um 600 milljónir króna og var rúmir 2 milljarðar króna á rekstrarárinu. Þar af námu verkfallsstyrkir 195 milljónum króna, en engir verkfallsstyrkir voru greiddir út árið 2022. Útgreiddir sjúkradagpeningar á síðasta ári námu tæplega 1,6 milljörðum króna, sem er aukning um 384 milljónir frá fyrra ári.

Kostnaður vegna félagslegs starfs jókst milli ára, um rúmar 30 milljónir króna. Þar af jókst kostnaður vegna námskeiða félagsmanna um rúmar 10 milljónir króna frá árinu 2022, og birtingarkostnaður jókst um 15 milljónir króna. Alls nam kostnaður vegna félagslegs starfs 314 milljónir króna á árinu.

Kostnaður vegna rekstrar skrifstofu Eflingar dróst saman um rúmar 80 milljónir króna á árinu, miðað við árið 2022. Þar af voru laun og annar starfsmannakostnaður rúmum 43 milljónum lægri. Kostnaður vegna lögfræðilegrar aðstoðar var 10 milljónum króna lægri en fyrra ár sem skýrist af breyttum áherslum í vinnslu mála hjá vinnuréttindasviði. Kostnaður vegna innheimtu félagsgjalda var tæpum 13 milljónum króna lægri vegna endursamninga við Gildi, en á árinu 2024 tók Efling við móttöku félagsgjalda og því mun þessi kostnaðarliður ekki vera til staðar á árinu 2024. Upplýsingatæknikostnaður jókst milli ára, um tæpar 11 milljónir króna, sem má rekja til innleiðingar nýs félagakerfis, Tótal. Hins vegar er stefnt að því að sá kostnaður lækki á yfirstandandi ári, eftir að innleiðingin er að fullu komin til framkvæmdar.



# KJARABARÁTTAN

Undirbúningur að gerð nýs kjarasamnings sem tæki gildi frá 1. febrúar 2024 hófst snemma hjá Eflingu, eða í byrjun sumars 2023. Gerð var úttekt á þróun tilfærslna velferðarkerfisins til heimila vinnandi fólks frá 1988 til dagsins í dag, þ.e. barnabóta, vaxtabóta og húsaleigubóta. Sú úttekt sýndi til dæmis að launafólk (hjón með 2 börn og fasteign) hafði tapað að jafnaði um 40 þúsund krónum á mánuði í samanlagðar skattfrjálsar barna- og vaxtabætur frá 1995 til 2021, á núvirði. Fólk með lægri millitekjur hafði tapað jafnvel meiru, eða um 50 þúsund krónum á mánuði á núvirði. Slíkar skattfrjálsar kjarabætur sem í tilfærslunum felast eru sérstaklega verðmætar fyrir launafólk, ekki síst þá lægst launuðu.

Þarna kom í ljós að veruleg kjararýrnun hafði orðið hjá heimilum launafólks vegna samdráttar tilfærslukerfa velferðarríkisins, kjararýrnun sem hafði að mestu farið hljótt. Þetta er miður, vegna þess að húsnæðiskostnaður hefur aukist með allra mesta móti á Íslandi síðan 2010 í samanburði við önnur evrópsk ríki. Framfærslukostnaður barnafjölskyldna hefur sömuleiðis aukist, enda hefur Ísland verið að færast nær því að vera með hæsta verðlag í heimi (ásamt Sviss) á síðustu tveimur áratugum. Þörf fyrir stuðning tilfærslukerfanna hefur því aukist umtalsvert á sl. tveimur áratugum eða svo, einmitt á sama tíma og stuðningur þessara kerfa dróst verulega saman.

Á þessum grundvelli myndaðist snemma samstaða á vettvangi Eflingar um að sækja fram um verulegar kjarabætur með kröfu um endurreisn tilfærslukerfa heimilanna. Þetta yrði gert samhliða kröfum um launahækkanir, sem þá gætu verið hóflegri með von um að skapa svigrúm til að ná verðbólgu örar niður en ella. Þessar tillögur fóru frá Eflingu til efnahags- og skattanefndar ASÍ og voru samþykktar þar og sendar til miðstjórnar ASÍ. Síðan var unnið að því að mynda samstöðu meðal ASÍ-félaga um samflot um kröfugerð. Úr því varð til svokölluð Breiðfylking ASÍ-félaga sem náði til rúmlega 90% meðlima ASÍ eða rúmlega 70% af vinnumarkaðinum. Breiðfylkingin útfærði í framhaldinu ofangreindar tillögur um endurreisn tilfærslukerfanna og jafnframt hugmynd um hóflegar launahækkanir til að ná fram örari lækkun verðbólgu og vaxta. Forsendan fyrir því að hægt væri að fallast á hóflegar launahækkanir í þeim aðstæðum sem uppi voru á þessum tíma var að ríkið kæmi veglega að endurreisn tilfærslukerfanna, með því að auka útgjöld til slíkra liða um 20 til 25 milljarða á ári.

Skemmst er frá því að segja að samningalíkanið um víðtæka sátt um lækkun verðbólgu og vaxta samhliða verulega auknum kjarabótum til milli- og láglaunahópa frá tilfærslukerfum velferðarríkisins gekk eftir. Á næstu árum reynir á hvort samstaðan haldi og allir skili sínu, einkum að atvinnurekendur haldi aftur af verðhækkunum og að Seðlabankinn og veitendur húsnæðislána (almennir bankar og lífeyrissjóðir) lækki vexti myndarlega. Ef það bregst verður komin upp ný staða í kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar.

Sú augljósa staðreynd blasir nú við að kjarabætur sem fást með eflingu velferðarkerfisins vega mjög þungt fyrir lægri og milli hópa launafólks, enda um skattfrjálsar greiðslur að ræða. En ef vegferðin heppnast vel þá felast einnig mikilvægar kjarabætur í lægri verðbólgu og lækkun vaxta – og þar með í lækkun framfærslukostnaðar. Nánari kynningar á kjarasamningnum má finna á heimasíðu Eflingar.




# MANNAUÐUR SKRIFSTOFU EFLINGAR

Hjá Eflingu starfa í dag 34 einstaklingar við að aðstoða félagsfólk Eflingar á ýmsum sviðum. Níu starfa á vinnuréttindasviði sem einkum gætir hagsmuna félagsfólks ef grunur leikur á að kjarasamningum og/eða lögum sé ekki fylgt. Átta starfa á þjónustusviði sem veitir almennar upplýsingar og sér um að greiða ýmsa styrki. Fjórir starfa á orlofssviði sem heldur utan um orlofshús Eflingar, og þrír starfa á sviði fræðslu- og félagsmála sem heldur m.a. utan um trúnaðarmenn og námskeið þeirra. Þessu til stuðnings starfa fjórir á fjármálasviði sem sér um bókhald og skilagreinar og sex starfa á rekstrarsviði eða fyrir stjórn Eflingar, þar með talið sérfræðingur í kjarasamningum og kjarasamningagerð auk sérfræðings í vinnumarkaðs- og lífskjararannsóknum. Til þess að sinna þessum störfum þarf ýmsa hæfni og þekkingu, en Efling hefur undanfarin tvö ár sérstaklega reynt að fjölga lögfræðingum á vinnuréttindasviði til þess að bæta þjónustu sviðsins.

Farið hefur verið í markvissa þjálfun fyrir starfsfólk, enda er þekking þess lykilþáttur í því að geta aðstoðað félagsfólk á markvissan og faglegan hátt. Til þessa hefur Efling lagt mesta áherslu á fræðslu til starfsfólks vinnuréttindasviðs, enda berast flókin verkefni gjarnan þar inn. Þessu til viðbótar nýtur Efling sérfræðiþekkingar reynslumikilla aðila sem einnig koma að þjálfun starfsfólks.

Árið 2023 hlaut Efling jafnlaunavottun skv. jafnlaunastaðlinum, ÍST 85. Það er mikil ánægja að geta staðfest að Efling stéttarfélag sé ekki með óútskýrðan launamun. Í kjölfar vottunarinnar var farið í endurskoðun á launauppbyggingu og virði starfa, með það að markmiði að halda þessari vottun.

## Starfssvið




## Kynjaskipting



Efling hefur á markvissan hátt unnið með starfsfólki að uppbyggingu vinnustaðarins, en það fylgja því alltaf áskoranir að búa til og viðhalda góðu teymi sem starfar af alúð og fagmennsku. Hluti af þessari vinnu hafa verið mánaðarlegir fundir með starfsfólki út frá vinnustaðakönnunum þar sem starfsfólk hittist og hefur tækifæri til að ræða málin og deila sinni upplifun. Þetta er góð viðbót við það góða samstarf sem er inni á sviðunum og munum við leitast við að halda þessu samtali gangandi þó formið gæti breyst.

Verkefni ársins 2024 snúa að því að viðhalda stöðugleika í starfsmannahaldi og bæta við þekkingu starfsfólks með markvissri þjálfun. Auk þess er stefnt að því á haustmánuðum að endurskoða gæðahandbók Eflingar með það fyrir augum að straumlínulaga vinnuferla, bæta vinnustaðinn og auka gegnsæi í störfum skrifstofu Eflingar.

Aldursdreifing




# STARFSEMI ÞJÓNUSTUSVIÐS

Framlína skrifstofu Eflingar er þjónustusviðið sem svarar almennum fyrirspurnum félagsfólks Eflingar á skrifstofu Eflingar, í gegnum síma eða í gegnum tölvupóst. Þjónustusviðið sér einnig um afgreiðslu umsókna vegna sjúkradagpeninga, styrkja úr sjúkra-, orlofs- og fræðslusjóðum og afgreiðslu á vefverslun Eflingar sem er aðgengileg í gegnum *Mínar síður.*

## HEIMSÓKNIR Á SKRIFSTOFU EFLINGAR 2023

Heildarfjöldi heimsókna félagsfólks á skrifstofu Eflingar árið 2023 voru 8.761, sem gera að meðaltali 35 heimsóknir á dag. Þetta er 14% aukning frá 2022. Fjöldi heimsókna vegna vinnuréttinda jókst verulega á fyrri hluta árs 2023, sem tengdist verkfallsaðgerðum og samþykktri miðlunartillögu. Að því undanskildu þá hefur þeim fjölda félagsfólks sem mætir á skrifstofu Eflingar haldið áfram að fækka á milli ára. Símtalafjöldi hefur haldist stöðugur á milli ára, en það hefur orðið aukning á þeirri þróun að félagsfólk nýti sér þjónustuþætti Eflingar rafrænt með tölvupósti eða í gegnum *Mínar síður*.

Erindi heimsókna




## MÍNAR SÍÐUR

Sú ákvörðun var tekin á árinu að skipta yfir í Tótal félagakerfi, sem hefur sínar eigin *Mínar síður*. Mikil undirbúningsvinna var unnin í aðlögun á vinnuferlum þjónustusviðs til að tryggja að skiptin myndu hafa eins lítil áhrif og kostur væri á þjónustu við félagsfólk. Sú undirbúningsvinna skilaði tilætluðum árangri, engar truflanir voru á afgreiðslu styrkja eða dagpeninga um áramót þegar skipt var um *Mínar síður*.

Hægt er að framkvæma allar sömu aðgerðir og áður á *Mínum síðum*, s.s. að sækja um styrki og bóka orlofshús eins og áður var. Tótal og nýjar *Mínar síður* bjóða upp á mikla möguleika, t.d. er innbyggt kosningakerfi sem hægt er að nýta fyrir atkvæðagreiðslur um kjarasamninga og trúnaðarmenn. Þetta gerir atkvæðagreiðslur auðveldari og ódýrari í framkvæmd en áður. Unnið er að frekari þróun á Tótal og *Mínum síðum* sem mun bæta upplifun félagsfólks enn frekar og stytta úrvinnslutíma umsókna.

## SJÚKRASJÓÐUR

### Sjúkradagpeningar

Árið 2023 fengu 1.388 Eflingarfélagar greidda sjúkradagpeninga og nam heildarupphæð dagpeninganna 1.593 milljónum króna. Greiðslur hækkuðu um rúm 36% á milli ára og fjöldi styrkþega jókst um rúmlega 6%.

Þessi aukning er umfram fjölgun félagsfólks Eflingar, en fjöldi einstaklinga sem greiddu til Eflingar árið 2023 jókst um 1-3% frá árinu 2022-23. Fjöldi umsókna heldur áfram að aukast á milli ára. Árið 2019 var hlutfall félagsfólks sem fékk greidda sjúkradagpeninga 3,7%, en árið 2023 var hlutfallið 6,1%. Þessi aukning dreifist jafnt á milli kynja en ójafnt á milli aldurs, mest aukning er í aldurshópunum 40-49 (23% aukning) og 60+ (38% aukning).

Þróun sjúkradagpeningagreiðslna eftir aldurshópum árin 2021–2023




Lengd tímabils sem félagsfólk er á sjúkradagpeningum hefur aukist marktækt, en meðallengd sjúkradagpeningatímabils hefur aukist um rúm 8% á milli ára. Um 16% af þeim sem fengu greidda sjúkradagpeninga fullnýttu rétt sinn.

### Styrkir

Árið 2023 voru greiddir út 10.563 styrkir til 6.892 Eflingarfélaga. Alls voru greiddar um 218 milljónir króna í styrki og hækkuðu greiðslur um 12% á milli ára. Meðalafgreiðslutími styrkumsókna var um 1,5 dagur yfir árið. Líkamsræktarstyrkur var eftirsóttasti styrkurinn, þar á eftir styrkir vegna viðtalsmeðferða. Flestir styrkþegar voru á aldrinum 20-29 ára og nýttu fleiri konur en karlar sér styrki sjúkrasjóðs.

Greiddir styrkir eftir aldurshópum og kyni árið 2023




## STARFSMENNTASJÓÐIR

Árið 2023 voru greiddir 5.865 fræðslustyrkir til 4.649 Eflingarfélaga úr Starfsafli, Flóamennt og starfsmenntasjóðum Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Styrkjum fjölgaði um 13% og voru 12% fleiri Eflingarfélagar sem sóttu um styrki miðað við árið á undan. Meðalafgreiðslutími styrkumsókna var um 5 dagar yfir árið. Greiddar voru um 424 milljónir kr. og er það hækkun um rúm 24% á milli ára.

Greiddir styrkir eftir aldurshópum og kyni árið 2023




# STARFSEMI VINNURÉTTINDASVIÐS

Vinnuréttindasvið hefur fyrst og fremst það hlutverk að gæta réttinda félagsfólks með það fyrir augum að kjarasamningar og lög séu virt. Auk þess kemur sviðið að ýmsum öðrum verkefnum, svo sem vinnustaðaeftirliti, umsögnum um atvinnuleyfi og fræðslu trúnaðarmanna auk annars.

Starfsemi vinnuréttindasviðs breyttist lítillega á árinu með bættu skipulagi og breytingu á vinnslu mála. Helsta breytingin er sú að nú vinnur vinnuréttindasvið mál ítarlegar áður en ákvörðun er tekin um að senda þau til ytri lögfræðiúrvinnslu.

## MÁLSMEÐFERÐARTÍMI

Samhliða þessu hefur vinnuréttindasvið bætt þjónustuna umtalsvert. Sem dæmi má nefna að sá tími sem mál eru í meðförum sviðsins hefur minnkað umtalsvert, frá fyrra ári. Meðalmálsmeðferðartími árið 2022 var 112 dagar en árið 2023 hafði hann styst um 13 daga, var 99 dagar

## FJÖLDI MÁLA

Á síðasta ári leystu sérfræðingar vinnuréttindasviðs úr 457 málum sem stofnað var til eftir að Eflingarfélagar höfðu leitað til félagsins og óskað aðstoðar. Af þeim voru 159 mál vegna gjaldþrota fyrirtækja en 298 mál vegna annarra krafna. Þetta er veruleg fjölgun mála frá árinu 2022, en þá var heildarfjöldi mála sem vinnuréttindasvið fékkst við 190 talsins. Þar af voru 92 mál vegna gjaldþrota fyrirtækja en 98 voru af öðrum toga. Þó er rétt að taka fram að með upptöku nýs skráningarkerfis á árinu varð skráning nákvæmari og betri.

## ATVINNUGREINAR

Sé horft til atvinnugreina kemur í ljós að flest málanna voru stofnuð eftir að Eflingarfélagar sem starfa í hótel- eða veitingahúsageiranum leituðu aðstoðar vinnuréttindasviðs, eða þriðjungur allra málanna. Alls 152 mál komu til kasta sviðsins á síðasta ári, þar af voru 43 vegna gjaldþrota en 109 mál byggðu á öðrum kröfum. Næst komu mál tengd byggingariðnaðinum en þau voru alls 74, 22 vegna gjaldþrota en 52 vegna annarra þátta. Það jafngildir 17 prósent málanna allra. Þá aðstoðaði vinnuréttindasvið Eflingarfélaga sem starfa við ræstingar og þrif í 24 tilvikum og í 19 málum var um að ræða aðstoð vegna stjórnsýslutengdra mála. Mál tengd öðrum atvinnugreinum voru færri.

## KYNJASKIPTING

Karlar leituðu aðstoðar vinnuréttindasviðs í meira mæli en konur á árinu 2023. Alls 275 karlar nutu aðstoðar sviðsins við úrlausn sinna mála á móti 184 konum.

## UPPRUNI

Eflingarfélagar með erlent ríkisfang voru í meirihluta þeirra sem nutu aðstoðar vinnuréttindasviðs á árinu. Alls aðstoðaði sviðið 131 Eflingarfélaga með ríkisfang í löndum utan EES-svæðisins og 246 félaga sem eru ríkisborgarar í löndum innan EES-svæðisins. Alls nutu 80 Eflingarfélagar með íslenskt ríkisfang aðstoðar vinnuréttindasviðs árið 2023.

## FLOKKUN MÁLA

Þegar horft er á flokkun þeirra mála sem rötuðu inn á borð vinnuréttindasviðs á árinu 2023 þarf að taka fram að tekið hefur verin upp ný flokkun sem eftirleiðis verður unnið með. Áður en hin nýja flokkun var tekin upp gátu þannig mál vegna gjaldþrota og mál vegna launakrafna þar sem laun, yfirvinna eða orlof til að mynda voru rangt greidd lent í sama flokki.

Því er óvarlegt að fullyrða of mikið um flokkun málanna sem sinnt var á árinu, en þó er ljóst að langstærstur hluti þeirra sneri að launakröfum, hvort sem var vegna gjaldþrota eða annarra atriða.

Töluverður fjöldi mála fellur þá undir flokkinn Áskoranir vegna réttindabrota. Slík mál eru alla jafna fólgin í brotum á réttindum starfsfólks sem felast ekki í vangreiðslu á launum. Dæmi um slík mál gætu til að mynda verið þau að félagsmaður fær ekki launaseðla eða ráðningarsamning.

Nokkur fjöldi Eflingarfélaga leitaði þá til vinnuréttindasviðs vegna uppsagna á árinu 2023. Ástæður þess að félagsmenn leita til Eflingar vegna uppsagna geta verið af ýmsum toga. Þar getur verið um að ræða uppsögn vegna ósættis við yfirmann, uppsögn byggð á rangfærslum eða af ómálefnalegum sjónarmiðum. Þá eru ótalin þau dæmi þar sem uppsögn er einfaldlega ólögmæt vegna uppsagnarverndar, til að mynda ef trúnaðarmanni er sagt upp eða þungaðri konu.

## SAMSTARF VEGNA LÖGINNHEIMTU

Efling hefur gengið til samstarfs við ATLAS lögmenn sem sjá um löginnheimtu þeirra mála sem ekki er hægt að ljúka með samskiptum starfsfólks vinnuréttindasviðs við atvinnurekendur. Þetta samstarf gengur vel og er liður í að stytta málsmeðferðartíma. Af þeim málum sem eru til meðferðar hjá ATLAS eru um 25% kröfulýsingar í þrotabú.

## VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Samstarf Eflingar og Fagfélaganna um vinnustaðaeftirlit er í fullum gangi. Tilgangur vinnustaðaeftirlitsins er að sinna eftirlitsheimsóknum á vinnustaði atvinnurekenda til að ganga úr skugga um að starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga. Því eftirliti sinna tveir starfsmenn í fullu starfi, og felur stór hluti starfsins í sér fræðslu til félagsfólks um réttindi sín á vinnumarkaði. Auk þess hefur vinnustaðaeftirlit Eflingar og Fagfélaganna verið í samstarfi við ASÍ vegna ýmissa mála.

Markmið vinnuréttindasviðs á árinu 2024 snúa helst að því að bæta þjónustu við félagsfólk, auka enn frekar þekkingu starfsfólks og festa í sessi þær jákvæðu breytingar sem hafa átt sér stað á sviðinu að undanförnu.



# STARFSEMI ORLOFSSVIÐS

## NÝTT ORLOFSKERFI

Að venju hafa verið mikil umsvif hjá orlofssviði á liðnu starfsári, bæði hvað varðar uppbyggingu og viðhald húsa en ekki síður varðandi innri málefni sviðsins með innleiðingu á nýju orlofskerfi. Ákvörðun var tekin um mitt síðasta ár að fara úr kerfi sem á sinn hátt var komið til ára sinna og taka upp kerfið Tótal sem er betur aðlagað að rafrænu umhverfi.

Innleiðing á þessu nýja kerfi hefur staðið yfir meira og minna frá haustinu 2023 og var það svo tekið í notkun um s.l. áramót. Mikill undirbúningur fólst í þessari yfirfærslu eins og vænta mátti og margs konar breytingar fylgdu.

Bæði páska- og sumarúthlutanir 2024 voru keyrðar í nýja kerfinu og gekk það að mestu snuðrulaust þó eðlilega hafi komið upp hlutir sem ekki voru fyrirséðir.

### Framkvæmdir og rekstur

Daglegur rekstur orlofshúsanna er og verður ávallt kjarninn í starfsemi orlofssviðs. Þar er bæði um að ræða smærri og stærri viðhaldsverkefni, umsjón og eftirlit með húsunum og ekki síst samskipti við félagsfólk og úrvinnsla erinda frá þeim. Einnig er öll umsýsla með rekstrarvörur í orlofshúsin og innbú þeirra jafnan ríkur þáttur í starfinu.

Viðamestu framkvæmdirnar á árinu voru endurnýjun tveggja raðhúsaíbúða á Akureyri þar sem öllu innra skipulagi var breytt og svefnaðstaða aukin og bætt. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð svo og allt innbú. Einnig voru tvö eldri hús á Illugastöðum í Fnjóskadal endurbyggð að öllu leyti að innan, öll aðstaða bætt og innbú endurnýjað. Þá var allt ytra byrði húsa í Ölfusborgum og á Einarsstöðum í Fljótsdalshéraði endurnýjað.

Að venju var orlofssvið Eflingar einnig með Veiði- og Útilegukort til sölu, sem og afsláttarmiða hjá Icelandair og niðurgreiðslu á gistingu fyrir félagsfólk sem ferðast innanlands.

Fjöldi félagsfólks sem nýtir þjónustu orlofssviðs með einhverju móti er nú um 6.000 á ári og er sífellt meiri eftirspurn eftir þjónustunni.

Fjárhagsleg afkoma Orlofssjóðs er góð þrátt fyrir mikil umsvif, eignastaða er sterk svo og eigið fé. Að öðru leyti hvað varðar fjárhag er vísað í sérstakan kafla í skýrslunni um fjármál félagsins.

### Grindavíkurverkefnið

Í kjölfar þess að rýma þurfti Grindavík vegna jarðhræringa í nóvember s.l. var leitað til stéttarfélaga eftir aðstoð til að mæta mikilli húsnæðisþörf sem skapaðist vegna þessa.

Efling brást fljótt og myndarlega við beiðninni og lét af hendi 27 hús í verkefnið. Var það að mörgu leyti erfið ákvörðun þar sem flest húsanna voru leigð langt fram í tímann og m.a. um jól og áramót. Þurfti að afturkalla um 300 leigusamninga sem gefnir höfðu verið út á viðkomandi hús.

Félagsfólk Eflingar sem þetta snerti tók málinu af miklum skilningi og var reynt að finna þeim aðrar úrlausnir, sem tókst fyrir hluta hópsins.

Húsin voru afhent Grindvíkingum leigulaust fram til 15. janúar, en frá þeim tíma voru gerðir leigusamningar við viðkomandi fjölskyldur. Flestar þeirra hafa síðan fundið önnur úrræði og í maímánuði verður þessu verkefni lokið af Eflingar hálfu.

Það var vissulega ánægjulegt að geta stutt við þetta margar fjölskyldur í þeirra mikla vanda, og barst mikið þakklæti alls staðar frá til Eflingar fyrir öflugt framlag til verkefnisins.

### Markmið og stefna

Tilgangur og markmið Orlofssjóðs eru skýr: að gera félagsfólki kleift að njóta orlofs við góðar aðstæður gegn hóflegu gjaldi og standa fyrir ýmis konar annarri orlofstengdri starfsemi.

Grunnurinn í starfinu er og verður alltaf orlofshúsin sjálf og hefur öll áhersla síðustu ára verið á fjölgun þeirra. Eftirspurn félagsfólks eftir orlofshúsum hefur aukist umtalsvert og er engin leið að mæta henni allri þrátt fyrir fjölgun eigna.

Orlofssjóður Eflingar á og rekur 71 orlofshús í dag, en þeim mun fjölga í 75 síðar á þessu ári og enn fjölgar um 2 íbúðir í byrjun árs 2025. Einnig leigir sjóðurinn hús allt árið í Vestmannaeyjum, á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði og á Heiðarbæ við Þingvelli. Yfir sumarið bætast svo við 2 íbúðir á Þingeyri og 1 í Ólafsfirði. Heldur hefur dregið úr leigu á aukahúsum þar sem sífellt erfiðara er að keppa við ferðaþjónustuna um eignir í þeirri spennu sem ríkir á ferðamarkaðnum.

Undanfarin misseri hafa starfsmenn orlofssviðs lagt mikla vinnu í að kortleggja starfsemina þegar horft er til lengri tíma. Margt kemur til álita í því sambandi, t.d. hefur verið áhugi fyrir því að fjölga enn frekar orlofskostum í bæjarfélögum víða um land. Stéttarfélög hafa í auknum mæli fest sér orlofskosti á fjölbreyttum stöðum um landið enda eftirspurn mikil. Efling bregst meðal annars við því með glæsilegri nýbyggingu í Stykkishólmi.



*Frá byggingu nýs orlofshúss í Svignaskarði*



*Nýja húsið í Svignaskarði er hið glæsilegasta*



*Frá byggingu nýs orlofshúss í Stykkishólmi*



*Það vantaði ekki blíðuna við framkvæmdirnar í Stykkishólmi*



# FRÆÐSLU- OG FÉLAGSMÁL

## FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐAHALD

Að venju stóð Efling fyrir öflugu fræðslustarfi og námskeiðahaldi á starfsárinu 2023-2024. Á skrifstofunni er rekið svið fræðslu- og félagsmála sem hefur með höndum skipulagningu og utanumhald þess starfs. Þar starfar einn sviðsstjóri og tveir starfsmenn í fullu starfi.

### Fagnámskeið

Stór hluti fræðsludagskrár Eflingar eru fagnámskeið sem nýtast félagsfólki í ýmsum atvinnugreinum. Þessi námskeið eru flest hver greidd að fullu af starfsmenntasjóðum Eflingar og eru því félagsfólki að kostnaðarlausu. Sum námskeiðanna eru hluti af viðameiri námsbrautum sem leiða til viðurkenningar með breyttu starfsheiti og bættum launakjörum. Á það til dæmis við um námsleiðirnar félagsliðagátt og leikskólaliðabrú sem skipulagðar eru í samstarfi við Mími, Menntaskólann í Kópavogi og Borgarholtsskóla.

Samtals skráðu sig 160 Eflingarfélagar á hin ýmsu fagnámskeið.

| Heiti fagnámskeiðs |
|---|
| Félagsliðagátt |
| Fagnámskeið umönnun 1 – Haust 2023 |
| Fagnámskeið umönnun 2 – Haust 2023 |
| Fagnámskeið umönnun 1 – Vor 2024 |
| Fagnámskeið umönnun 2 – Vor 2024 |
| Fagnámskeið eldhús 1 – Haust 2023 |
| Fagnámskeið eldhús 2 – Vor 2024 |
| Fagnámskeið eldhús 3 – Vor 2024 |
| Leikskólaliðabrú – Vor 2024 |
| Fagnámskeið leikskóla 1 – Vor 2024* |
| Fagnámskeið leikskóla 2 – Vor 2024* |

*Athugið, þessi námskeið höfðu ekki verið haldin þegar ársskýrslan fór í prentun.

### Réttindanámskeið

Á fræðsludagskrá Eflingar eru einnig námskeið um ýmis réttindatengd málefni sem hafa notið vinsælda hjá Eflingarfélögum í áraraðir. Má þar nefna réttindanámskeið sem fjallar um almenn réttindi og skyldur á vinnumarkaði, sem var kennt á íslensku með enskri túlkun og á pólsku.

Starfslokanámskeiðið er iðulega eitt það eftirsóttasta á fræðsludagskrá félagsins, og voru að þessu sinni yfir 150 Eflingarfélagar skráðir á það, sem er veruleg aukning frá síðasta ári þegar um 90 voru skráðir. Hér er átt við skráningar á íslensku, pólsku og ensku útgáfur námskeiðsins samanlagt. Þá eru sérstök námskeið um lífeyrisréttindi á dagskrá í maí, haldin á íslensku, ensku og pólsku. Einnig var boðið upp á námskeið um skattkerfið á Íslandi á ensku og pólsku.

Öll réttindanámskeiðin voru haldin í Félagsheimili Eflingar, þar sem öll aðstaða til námskeiðahalds og fyrirlestra er til fyrirmyndar, og boðið var upp á veitingar. Félagið hefur á síðustu árum lagt aukinn metnað í námskeiðsframboð á ensku og pólsku. Samtals hafa 329 Eflingarfélagar skráð sig á réttindanámskeið á starfsárinu, samanborið við 270 í fyrra sem er umtalsverð aukning og mikið ánægjuefni.

| Réttindanámskeið |
|---|
| Leigumarkaðurinn á Íslandi |
| Starfslokanámskeið (íslenska) - Haust 2023 |
| Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (íslenska/enska/pólska) |
| Skattkerfið á Íslandi (enska/ pólska) |
| Starfslokanámskeið (íslenska/enska/pólska) - Vor 2024 |
| Lífeyrisréttindi (íslenska/enska/pólska)* |

*Þessi námskeið höfðu ekki verið haldin þegar ársskýrslan fór í prentun.

## SKEMMTIVIÐBURÐIR

### Matur og menning

Sunnudaginn 24. september var haldinn í fyrsta sinn skemmtiviðburðurinn Matur og menning. Þar bauðst félagsfólki að koma með heimatilbúinn mat frá sínu heimalandi og bjóða öðru félagsfólki að smakka. Óhætt er að segja að viðburðurinn hafi slegið í gegn. Boðið var upp á mat frá 13 þjóðlöndum og aðsókn var mjög góð.

### Jólahlaðborð virks félagsfólks

Jólahlaðborðið var haldið þann 14. desember á Hótel Nordica fyrir þann stækkandi hóp Eflingarfélaga sem











er virkur í ýmsum hlutverkum og trúnaðarstörfum innan félagsins.

Haldið var bingó og boðið upp á hátíðarmat. Með virku félagsfólki var átt við þá sem sitja í trúnaðarráði og samninganefndum, sem og trúnaðarmenn. Virkt félagsfólk gat boðið með sér á hlaðborðið einum Eflingarfélaga að eigin vali, og buðu margir vinnufélaga. Tilgangurinn með þessu var að kynna innra starf félagsins fyrir fleiri

Eflingarfélögum, með það fyrir augum að fjölga þeim sem taka að sér virkt hlutverk í félaginu.

### Jólaball

Árlegt jólaball Eflingar fór fram laugardaginn 16. desember 2023 í sal í Gullhömrum í Grafarholti. Fullt var út úr dyrum en 450 manns á öllum aldri komu og áttu góða stund saman. Jólasveinar komu í heimsókn, hljómsveit hússins sá um dans og söng í kringum jólatréð og boðið var upp á veitingar og sætindi.

### Fyrsta maí kaffi

Haldið var 1. maí kaffi í Valsheimilinu að lokinni kröfugöngu þar sem félagsfólki var boðið upp á kaffiveitingar og Lúðrasveit verkalýðsins tók nokkur lög.

### Eldriborgarakaffi

Sunnudaginn 14. maí 2023 var haldið kaffiboð fyrir Eflingarfélaga 70 ára og eldri í Gullhömrum í Grafarholti. Efling stéttarfélag bauð gestum upp á kaffi og meðlæti og hljómsveit hússins lék fyrir dansi.

## STARF TRÚNAÐARMANNA

### Trúnaðarmannanámskeið

Félagið kenndi trúnaðarmannanámskeið annað árið í röð með gjörbreyttu sniði sem tekið var upp árið 2021. Trúnaðarmenn sóttu námskeið einu sinni í mánuði yfir allan veturinn, fjórum sinnum fyrir áramót og fimm sinnum eftir áramót. Í nóvember, febrúar og apríl var hópnum skipt upp eftir því hvort trúnaðarmenn starfa á almenna eða opinbera vinnumarkaðnum.

Stuðst var við ítarlega námskrá þar sem námsefni var skipt niður í fjórar línur: Skipulagning á vinnustað, Vinnuréttindi, Saga og samfélag, og Félagsstarf.

Góð aðsókn var á námskeiðin í hvert einasta skipti, aldrei færri en 48 manns og 71 þegar mest var. Heildarfjöldi þeirra trúnaðarmanna sem sóttu námskeið einhvern tíma yfir veturinn var 115.

Námsefni námskeiðanna var þýtt á ensku og íslensku, og lesefni og glærur gerðar aðgengilegar á vef námskeiðanna ýmist á undan eða á eftir hverju námskeiði. Á öllum námskeiðum var textatúlkun á skjá milli íslensku og ensku.

Á sumum námskeiðanna var dagskrá brotin upp með léttari dagskrárliðum, svo sem jóga og hópeflisæfingum. Sú nýjung var tekin upp að bjóða upp á kennslu í tölvunotkun, nánar tiltekið Google Sheets (töflureiknir), Google Docs (ritvinnsla) og öðrum forritum sem Google býður upp á. Þá var fjallað sérstaklega um almennar reglur og væntingar tengdar starfi í félagasamtökum og notast við kennslubókina Verum virk: Félagsstarf, fundir og framkoma eftir Huldu Sólrúnu Guðmundsdóttur.

Að loknu hverju námskeiði var kallað eftir viðbrögðum þátttakenda í nafnlausri könnun og leitast var við að laga skipulag námskeiðanna að þeim ábendingum. Hér að neðan má sjá útdrátt úr svörum og samanburð við sams konar kannanir frá því á síðasta ári. Eins og sjá má er stöðug ánægja með námskeiðin sem eykst milli ára.

| Könnun um trúnaðarmannanámskeið | Meðaltal svara eftir námskeið vetrarins (á kvarða 1-5) | |
|---|---|---|
| | 2022-2023 | 2023-2024 |
| Hversu ánægjulegt fannst þér námskeiðið (1-5)? | 4,42 | 4,55 |
| Hversu gagnlegt fannst þér námskeiðið (1-5)? | 4,37 | 4,57 |
| Hvernig fannst þér vera haldið utanum framkvæmd námskeiðsins (1-5)? | 4,67 | 4,73 |

**Endurgjöf um trúnaðarmannanámskeið Eflingar veturinn 2023-2024**

*„Jákvætt hvað það er til mikið af góðu fólki sem mætir á trúnaðarmannanámskeið sem og skipulag námskeiðs til fyrirmyndar."*

*„Frábær matur! Einstaklega skemmtilegt og gefandi hópeflingarverkefni. :-)„*

*„Er mjög ánægð með námskeiðið. Og maturinn góður. Gaman að kynnast fleirum."*

### Trúnaðarmannakerfið

Samtals voru 63 nýir trúnaðarmenn skipaðir á tímabilinu 15. apríl 2023 - 2. apríl 2024, ýmist skipaðir í fyrsta sinn eða endurnýjaðir frá fyrri skipun.

Nýir trúnaðarmenn komu úr mörgum geirum vinnumarkaðarins á félagssvæði Eflingar. Farið var í sérstök átök í ræstingageiranum og í öryggisgæslufyrirtækjum síðla hausts og um veturinn. Skilaði það þremur nýjum trúnaðarmönnum hjá öryggisgæslufyrirtækjunum og átta nýjum trúnaðarmönnum í ræstingafyrirtækjunum. Mikil vinna var sett í þessi átaksverkefni, og fóru virkir Eflingarfélagar bæði í heimsóknir á þessa vinnustaði og settu upp úthringiver.

Nýtt verklag hefur verið tekið upp þar sem gefið er út rafrænt skipunarbréf fyrir hvern og einn trúnaðarmann

þegar hann er skipaður. Einnig er unnið að ýmsum frekari umbótum varðandi meiri stuðning við trúnaðarmenn, svo sem að bjóða nýskipuðum trúnaðarmönnum í kynningarviðtal strax eftir að þeir hafa verið skipaðir.

Utanumhald trúnaðarmannakerfis Eflingar byggir meðal annars á reglugerð stjórnar sem samþykkt var í mars 2023, þar sem fjallað er um skyldur trúnaðarmanna og settar viðmiðanir um verklag við skipun trúnaðarmanna. Endurskoðun á reglugerðinni stendur yfir nú í lok starfsársins.

Í kjaraviðræðum við SA náðist markverður árangur í að styrkja réttindi trúnaðarmanna. Samkvæmt nýja samningnum sem tók gildi 1. febrúar 2024 er nú réttur til að kjósa þrjá trúnaðarmenn í stað tveggja á vinnustöðum með 120 eða fleiri starfsmenn. Réttur til námskeiðssetu er styrktur, nánar tiltekið þannig að ekki aðeins dagvinnulaun eru varin gegn launatapi heldur einnig vaktaálög, sem skiptir miklu fyrir t.d. trúnaðarmann sem þarf að sleppa heilli næturvakt vegna námskeiðs.

Þá er réttur til námskeiðssetu ekki lengur misjafn eftir fyrra og seinna skipunarári, heldur 10 virkir dagar á ári allan skipunartímann.



## ÚTGÁFA OG KYNNINGARMÁL

Félagið hélt úti öflugri nærveru í þjóðfélagsumræðunni með auglýsingaherferðum og á samfélagsmiðlum allt síðastliðið ár. Facebooksíða félagsins var reglulega uppfærð og mikið af fréttum og uppfærslum birt á vefsíðunni www.efling.is. Sérstakur þungi var settur í upplýsingamiðlun til félagsfólks vegna kjaraviðræðna, bæði meðan á þeim stóð og eftir að samningur hafði verið undirritaður. Meðal annars voru birt myndbönd á miðlum félagsins þar sem að formaður og sérfræðingar félagsins fóru yfir kröfur Breiðfylkingarinnar og svöruðu spurningum frá félagsfólki um kjarasamningsviðræðurnar. Fréttaskeyti Eflingar var sent út með reglulegu millibili á netföng félagsfólks og opnað og lesið af mörgum þúsunda þeirra. Allt þetta efni var nær undantekningarlaust á íslensku, ensku og pólsku.

## FÉLAGSLEGT STARF

### Kjaraviðræður og störf samninganefndar

Efling lagði mikinn metnað í að undirbúa störf samninganefndar vegna kjaraviðræðna við SA, enda hefur virk þátttaka félagsfólks í kjarasamningagerð verið eitt helsta keppikefli félagsins á liðnum árum. Félagið er stolt af því að geta boðið félagsfólki góða og vandaða umgjörð í kringum þau störf, sem krefjast mikils af þeim og eru ný upplifun fyrir marga.

Öllum 27 þúsund Eflingarfélögum var boðið að taka þátt í störfum samninganefndar með auglýsingum í júní og ágúst og á kynningarfundi. Samninganefnd var að lokum skipuð af trúnaðarráði, í samræmi við lög félagsins, þann 7. september 2023 og voru í henni 85 félagar. Nefndin fundaði u.þ.b. mánaðarlega haustið 2023 en mun tíðar eftir að viðræður hófust af alvöru í desember. Samninganefndin í heild sinni tók ítrekað þátt í beinum samningafundum við SA í janúarmánuði.

Formaður og starfsmenn samninganefndar leiddu viðræður við SA í félagi við svokallaða Breiðfylkingu eftir að viðræður færðust til Ríkissáttasemjara um áramótin. Samninganefndin fundaði meðfram því reglulega í febrúar í félagsheimili Eflingar til að meta stöðuna í viðræðum og taka stærstu ákvarðanirnar. Allar ákvarðanir samninganefndar voru samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða eða einróma.

Fundir trúnaðarráðs voru einnig nýttir til að upplýsa félagsfólk um gang viðræðna. Þá nýtti félagið myndbönd og tilkynningar á vefsíðu og Facebook til að halda almennu félagsfólki upplýstu. Félögum var jafnframt boðið að senda formanni félagsins póst.

Fundir trúnaðarráðs voru einnig nýttir til að upplýsa félagsfólk um gang viðræðna. Þá nýtti félagið myndbönd og tilkynningar á vefsíðu og Facebook til að halda almennu félagsfólki upplýstu. Félögum var jafnframt boðið að senda formanni félagsins póst.

Nýr kjarasamningur félagsins og Breiðfylkingarinnar við SA var að lokum samþykktur með 76% atkvæða. Ánægjulegt er að kjörsókn jókst verulega frá því árið 2019 þegar síðast voru greidd atkvæði um aðalkjarasamning á almennum vinnumarkaði, en nú var kjörsóknin 18% samanborið við 10% þá.

### Fundir stjórnar Eflingar

Líkt og áður var stjórn kjölfestan í félagslegu starfi Eflingar á starfsárinu og tók einnig veigamiklar ákvarðanir um rekstur þess viðamikla þjónustustarfs sem unnið er á skrifstofu félagsins. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir annan hvern fimmtudag klukkan 13:00, fyrir utan sumartímann. Alls fundaði stjórn tuttugu og tvisvar sinnum á starfsárinu. Meginumfjöllunarefni stjórnar voru áherslur í kjarasamningsviðræðum og innleiðing á ýmsu umbótastarfi í starfsemi félagsins. Til viðbótar við fundi tvisvar í mánuði hélt stjórn þrjá vinnufundi, ásamt fundum í sjóðsstjórnum og nefndum.

## STYRKJANEFND STJÓRNAR EFLINGAR

Styrkjanefnd Eflingar er undirnefnd stjórnar Eflingar. Tilgangur nefndarinnar er að taka á móti og afgreiða þær styrkbeiðnir sem Eflingu stéttarfélagi berast sem heyra beint undir félagssjóð.

Á fundi stjórnar Eflingar þ. 15. júní 2023 var skipað í nefndina. Í henni sitja fimm fulltrúar úr röðum stjórnarmanna. Á árinu 2023 skipa nefndina Þórir Jóhannesson (formaður Styrkjanefndar), Guðmunda Valdís Helgadóttir, Hjörtur Birgir Jóhönnuson, Karla Esperanza Barralaga Ocón og Sólveig Anna Jónsdóttir. Nefndin fundar ársfjórðunglega.

Á meðal þeirra aðila sem hlutu styrki voru; Félag heyrnarlausra, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Að auki styrkti Efling 12 aðila með kaupum á styrktarlínum vegna góðgerðarstarfsemi. Til viðbótar við styrki nefndarinnar voru teknar ákvarðanir í stjórn Eflingar um að styrkja Félagið Ísland Palestína, Solaris hjálparsamtök og Afstöðu, félag fanga. Samtals veitti nefndin styrki upp á 7.785.560 kr.

### Trúnaðarráð

Trúnaðarráð er hryggjarstykkið í félagslegu starfi Eflingar, og er æðsta vald í málefnum félagsins. Í því eiga 115 Eflingarfélagar sæti til viðbótar við stjórn. Trúnaðarráð fundaði í september, október, nóvember, desember, janúar, febrúar og apríl. Fundur marsmánaðar féll niður sökum anna við kjarasamningagerð.

Trúnaðarráð er skipað til tveggja almanaksára í senn og situr núverandi ráð til loka árs 2024. Auglýst verður síðar á árinu eftir tilnefningum til setu í nýju trúnaðarráði. Upplýsingar um störf ráðsins og meðlimi þess má sjá á vefsíðu félagsins.

## STJÓRN EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS 2023–2024

Sólveig Anna Jónsdóttir *formaður*

Þórir Jóhannesson *varaformaður*

Barbara Maria Sawka *ritari*

Ísak Jónsson *gjaldkeri*

Bjartmar Jóhannesson

Guðbjörg María Jósepsdóttir

Guðmunda Valdís Helgadóttir

Hjörtur Birgir Jóhönnuson

Ian Phillip McDonald

Innocentia Fiati

Karla Esperanza Barralaga Ocon

Kolbrún Valvesdóttir

Michael Bragi Whalley

Olga Leonsdóttir

Sæþór Benjamín Randalsson

## STJÓRNIR SJÓÐA OG NEFNDA EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS 2023–2024

### FRÆÐSLUSJÓÐUR

**Aðalmenn**
Michael Bragi Whalley, formaður
Sólveig Anna Jónsdóttir, varaformaður.
Karla Barralaga Ocon
Innocentia F. Friðgeirsdóttir
Barbara Maria Sawka

**Varamenn**
Ian Phillip Mcdonald
Björn Páll Fálki Valsson

### ORLOFSSJÓÐUR

**Aðalmenn**
Ólöf Helga Adolfsdóttir, formaður
Guðbjörg María Jósepsdóttir, varaformaður
Stefán E. Sigurðsson
Reynaldo Curato Renegado
Mateusz Kowalczyk

**Varamenn**
Magdalena Kwiatkowska
Anna Sigurlína Tómasdóttir

### SJÚKRASJÓÐUR

**Aðalmenn**
Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður
Agnieszka Ewa Ziólkowska, varaformaður
Olga Leonsdóttir
Kolbrún Valvesdóttir
Ragnar Ólason

**Varamenn**
Szymon Kulakowski
Alma Pálmadóttir

### VINNUDEILUSJÓÐUR

**Aðalmenn**
Sæþór Benjamín Randalsson, formaður
Úlfar Snæbjörn Magnússon, varaformaður
Eva Ágústsdóttir
Ísak Jónsson

**Varamenn**
Valtýr Björn Thors
Ruth Adjaho Samúelsson

## KJÖRSTJÓRN 2022–2024

**Aðalmenn**
Karen Ósk Nielsen, lögmaður ASÍ, tilnefnd af ASÍ
Anna Björk Ágústsdóttir
Magnús Freyr Magnússon
Reynaldo C. Renegado
Suphawat Yoophithakwong

**Varamenn**
Halldór Oddsson, lögmaður ASÍ, tilnefndur af ASÍ
Erla Hestnes
Grétar Sigurðsson
Heiðberg Leó Hreinsson
Ylja Linnet

## FRÆÐSLUSJÓÐUR EFLINGAR, KÓPAVOGS OG SELTJARNARNESS

Sólveig Anna Jónsdóttir
Ragnar Ólason
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Gunnar Lúðvíksson

## FLÓAMENNT

Aldís Magnúsdóttir
Halldóra Friðjónsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Sigríður Sigurðardóttir
Sólveig Anna Jónsdóttir
Ragnar Ólason

## STARFSMENNTASJÓÐUR EFLINGAR OG REYKJAVÍKURBORGAR

Sólveig Anna Jónsdóttir
Ragnar Ólason
Ásta Bjarnadóttir
Íris Jóhannsdóttir

## UPPSTILLINGARNEFND 2022-2024

**Aðalmenn**
Fríða Hammer
Ian Mcdonald
Marcela Soto Nunez
Björn Páll Fálki Valsson
Lucyna Dybka

**Varamenn**
Andrew David Jónuson
Barbara Sawka
Friðjón Víðisson
Katrín Elíza Bernhöft
Þórey Einarsdóttir

EFLING
STÉTTARFÉLAG

# SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR

## 2023

## EFNISYFIRLIT

Bls.
Áritun óháðs endurskoðenda . . . . . . . . . . 22
Skýrsla stjórnar . . . . . . . . . . 24
Rekstrarreikningur . . . . . . . . . . 25
Efnahagsreikningur . . . . . . . . . . 24
Yfirlit um sjóðstreymi . . . . . . . . . . 28
Skýringar . . . . . . . . . . 29

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

**Til stjórnar og félagsmanna Eflingar stéttarfélags**

## ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2023. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

## GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eflingu stéttarfélagi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og formaður bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu félagsins.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

## ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FORMANNS Á SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eflingar stéttarfélags. Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbygginguna, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur 13. maí 2024

**Deloitte ehf.**



Signý Magnúsdóttir

endurskoðandi

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Samstæðuársreikningur Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða Megin hlutverk Eflingar stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling-stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölþætta þjónustu á þessum sviðum.

**Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur**

Iðgjöld félagsins námu 3.184,4 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 2.641,4 millj. kr.) og hækkuðu því um 543 millj. kr. milli ára eða um 21%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam 714,8 millj. kr. (2022: tap að fjárhæð 9,4 millj. kr.). Eigið fé nam 14.761,1 millj. kr. í árslok (árslok 2022: 13.752,4 millj. kr.). Í árslok var eiginfjárhlutfall 98,36% (árslok 2022: 98,58%).

**Tillaga til aðalfundar**

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og formaður Eflingar stéttarfélags staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 13 maí 2024

**Í stjórn**

Sólveig Anna Jónsdóttir formaður

Þórir Jóhannesson varaformaður

Barbara Maria Sawka ritari

Ísak Jónsson gjaldkeri

Bjartmar Jóhannesson

Guðbjörg María Jósepsdóttir

Guðmunda Valdís Helgadóttir

Hjörtur Birgir Jóhönnuson

Ian Phillip McDonald

Innocentia Fiati

Karla Esperanza Barralaga Ocon

Kolbrún Valvesdóttir

Michael Bragi Whalley

Olga Leonsdóttir

Sæþór Benjamín Randalsson

**Formaður**

Sólveig Anna Jónsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Perla Ösp Ásgeirsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022* |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Félagsgjöld | | 3.184.376.491 | 2.641.367.293 |
| Leiga á orlofshúsum | | 87.751.478 | 72.884.680 |
| Aðrar tekjur | 4 | 50.027.010 | 62.784.894 |
| **Tekjur samtals** | | 3.322.154.979 | 2.777.036.867 |
| **Kostnaður** | | | |
| Bætur og styrkir | 5 | (2.006.707.635) | (1.406.299.312) |
| Kostnaður vegna félagslegs starfs | 6 | (314.128.965) | (273.964.924) |
| Rekstur orlofshúsa | | (155.664.966) | (173.873.827) |
| Húsnæðiskostnaður | 7 | (101.262.639) | (75.754.638) |
| Rekstur skrifstofu | 8 | (731.449.760) | (818.834.590) |
| Afskriftir | | (40.174.372) | (43.394.465) |
| **Kostnaður samtals** | | (3.349.388.337) | (2.792.121.756) |
| **Rekstrarniðurstaða** | | (27.233.358) | (15.084.889) |
| Fjármunatekjur | | 470.975.625 | 408.978.476 |
| Fjármagnsgjöld | | (4.520.008) | (9.967.406) |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 446.921.871 | (284.207.738) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (171.334.432) | (109.120.892) |
| | 10 | 742.043.056 | 5.682.440 |
| **Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)** | | 714.809.698 | (9.402.449) |

**Framsetningu kostnaðar hefur verið breytt frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 2a.*

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

| | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Orlofshús | 13 | 2.396.650.792 | 2.060.756.745 |
| Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi | 11 | 397.102.737 | 404.347.096 |
| Áhöld, tæki og innréttingar | 11 | 93.031.448 | 87.763.492 |
| Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir | 12 | 6.369.149.673 | 4.908.255.531 |
| | | 9.255.934.650 | 7.461.122.864 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi félagsgjöld | | 257.781.260 | 234.383.657 |
| Viðskiptakröfur | | 15.023.180 | 11.583.108 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 21.279.163 | 85.753.079 |
| Bundnar innstæður | 14 | 4.391.438.734 | 5.164.096.996 |
| Handbært fé | | 1.065.753.375 | 993.337.041 |
| | | 5.751.275.712 | 6.489.153.880 |
| **Eignir** | | 15.007.210.362 | 13.950.276.745 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

| | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 15 | | |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 794.935.072 | 501.041.825 |
| Óráðstafað eigið fé | | 13.996.119.957 | 13.251.310.259 |
| **Eigið fé** | | 14.761.055.019 | 13.752.352.084 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Áfallinn fjármagnstekjuskattur | 16 | 74.966.177 | 43.826.115 |
| | | 74.966.177 | 43.826.115 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 171.189.156 | 154.098.546 |
| | | 171.189.156 | 154.098.546 |
| **Skuldir** | | 246.155.333 | 197.924.661 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 15.007.210.362 | 13.950.276.745 |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)............................ | | 714.809.698 | (9.402.449) |
| Afskriftir ...................................................................................... | | 40.174.372 | 43.394.465 |
| Hækkun, (lækkun) á skuldbindingu fjármagnstekjuskatts.. | | 31.140.062 | (193.222.112) |
| Gangvirðisbreytingar af eignum og skuldum ........................ | | (446.954.069) | 280.492.351 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 339.170.063 | 121.262.255 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun.................................... | | 37.636.241 | 142.352.295 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) ......................... | | 17.090.610 | (19.727.204) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 393.896.914 | 243.887.346 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir........................... | | (80.198.769) | (237.075.646) |
| Keypt/seld skuldabréf............................................................... | | 1.667.975 | 832.486.616 |
| Afborganir skuldabréfa ............................................................ | | 112.504.440 | 230.488.687 |
| Keypt/seld fjárfestingaverðbréf............................................... | | (1.128.112.488) | (599.263.338) |
| Bundnar bankainnstæður, lækkun......................................... | | 772.658.262 | 151.494.195 |
| | | (321.480.580) | 378.130.514 |
| Hækkun handbærs fjár ............................................................. | | 72.416.334 | 622.017.860 |
| Handbært fé í upphafi árs ....................................................... | | 993.337.041 | 371.319.181 |
| Handbært fé í lok árs ............................................................... | | 1.065.753.375 | 993.337.041 |

# SKÝRINGAR

## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Efling stéttarfélag er stéttarfélag með starfssvið sem nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepp, Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus. Starfssvið félagsmanna sem starfa á veitinga- og gististöðum og við iðnað nær auk þess yfir Hafnarfjörð og Garðabæ. Starfssvið félagsmanna sem starfa á Vífilsstöðum og í heimaþjónustu nær auk þess yfir Garðabæ. Félagið er aðili að Sjómannasambandi Íslands og með beina aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Efling stéttarfélag er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

## 2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum markaðsverðbréfum sem færð eru á gangvirði og orlofshúsum sem endurmetin eru árlega. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 2.a GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Framsetning á rekstrarkostnaði í rekstrarreikningi er breytt frá fyrra ári vegna innleiðingar á nýju fjárhagskerfi hjá félaginu. Við innleiðinguna var ákveðið að breyta bókhaldslyklum til þess að ná að endurspegla með betri hætti eðli þess kostnaðar sem fellur til hjá félaginu. Sundurliðun á kostnaði má sjá í skýringum 5-9 hér að neðan.

## 3. MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. AÐRAR TEKJUR

| Aðrar tekjur sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Húsaleigutekjur | 24.256.644 | 21.120.547 |
| Tekjur frá Virk | 11.111.712 | 41.664.347 |
| Aðrar tekjur | 14.658.654 | 0 |
| | 50.027.010 | 62.784.894 |

## 5. BÆTUR OG STYRKIR

| Bætur og stykir sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Sjúkradagpeningar | 1.592.513.975 | 1.208.421.594 |
| Verkfallsstyrkir | 195.355.160 | 0 |
| Heilsurækt | 71.044.557 | 67.943.024 |
| Sálfræði-, félags-, og viðtalsmeðferðir | 45.163.618 | 40.531.209 |
| Gleraugnastyrkir | 37.839.334 | 33.065.512 |
| Sjúkra- og endurþjálfun | 19.901.406 | 19.999.526 |
| Dánarbætur | 19.263.532 | 15.577.179 |
| Tæknifrjóvganir | 8.497.520 | 6.795.218 |
| Krabbameinsskoðanir | 8.442.664 | 6.300.282 |
| Laser augnaðgerðir | 3.958.018 | 3.664.610 |
| Heyrnartækjastyrkir | 3.372.056 | 2.992.677 |
| Heilsustofnanir, N.F.L.Í. ofl | 691.047 | 437.657 |
| Leiðréttar styrkjaupphæðir | 364.748 | 570.824 |
| Sérstök samþykkt | 300.000 | 0 |
| | 2.006.707.635 | 1.406.299.312 |

## 6. KOSTNAÐUR VEGNA FÉLAGSLEGS STARFS

| Kostnaður vegna félagslegs starfs sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Gjöld til ASÍ og SGS | 150.484.833 | 157.993.120 |
| Námskeið félagsmanna | 16.089.415 | 5.545.177 |
| Birtingarkostnaður | 20.575.021 | 11.729.168 |
| Lögfræðikostnaður | 41.361.142 | 55.359.587 |
| Gjafir og styrkir | 7.785.560 | 6.765.830 |
| Bókasafn Dagsbrúnar | 13.775.813 | 13.980.000 |
| Annar kostnaður vegna félagslegs starfs | 64.057.181 | 36.636.020 |
| | 314.128.965 | 280.730.754 |

## 7. KOSTNAÐUR VEGNA HÚSNÆÐIS

| Kostnaður vegna húsnæðis sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Hússjóður | 32.730.992 | 28.703.996 |
| Fasteignagjöld | 19.182.900 | 17.551.366 |
| Rafmagn og hiti | 3.217.551 | 3.220.387 |
| Viðhald og framkvæmdir | 23.476.595 | 7.762.615 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 22.654.601 | 18.516.274 |
| | 101.262.639 | 75.754.638 |

## 8. KOSTNAÐUR VEGNA REKSTRAR SKRIFSTOFU

| Kostnaður vegna reksturs skrifstofu sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun og annar starfsmannakostnaður (sjá skýringu 9) | 526.025.076 | 569.432.892 |
| Innheimta félagsgjalda | 74.088.771 | 86.803.165 |
| Upplýsingatæknikostnaður | 73.273.652 | 62.418.329 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 15.120.391 | 13.194.148 |
| Lögfræðileg aðstoð | 16.982.661 | 27.018.245 |
| Heimasíða | 2.436.216 | 7.820.099 |
| Annar kostnaður vegna skrifstofu | 23.522.993 | 45.381.882 |
| | 731.449.760 | 812.068.760 |

## 9. LAUN OG ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR

| Laun og annar starfsmannakostnaður sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 411.070.499 | 426.197.454 |
| Lífeyrissjóður | 53.836.518 | 63.570.502 |
| Önnur launatengd gjöld | 34.971.005 | 42.227.496 |
| Annar starfsmannakostnaður | 26.147.054 | 37.437.440 |
| | 526.025.076 | 569.432.892 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 33 | 39 |

Laun - og annar starfsmannakostnaður er flokkaður meðal *reksturs skrifstofu* í rekstrarreikningi

## 10. FJÁRMAGNSTEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

| Fjármagnstekjur greinast þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 443.569.740 | 393.006.124 |
| Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum | 16.666.557 | 13.268.473 |
| Vaxtatekjur af öðrum skammtímakröfum | 440 | 6.579 |
| Endurgreiðsla vegna verðbréfakaupa | 7.840.888 | 0 |
| Arður | 2.898.000 | 2.697.300 |
| | 470.975.625 | 408.978.476 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Þóknun vegna verðbréfakaupa | 0 | (1.652.681) |
| Stimpilgjöld og þinglýsingar | 0 | (2.227.048) |
| Önnur vaxtagjöld | (4.520.008) | (6.087.677) |
| | (4.520.008) | (9.967.406) |
| Gangvirðisbreytingar eru eftirfarandi: | | |
| Vextir og gangvirðisbreytingar af verðbréfaeign | 446.953.397 | (284.432.051) |
| Gengismunur | (31.526) | 224.313 |
| | 446.921.871 | (284.207.738) |
| | 913.377.478 | 114.803.332 |

## 11. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

| | Fasteignir og lóðir | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða 1.1.2022 | 787.567.086 | 183.734.376 | 971.301.462 |
| Eignfært á árinu | 0 | 30.367.261 | 30.367.261 |
| Staða 1.1.2023 | 787.567.086 | 214.101.637 | 1.001.668.723 |
| Eignfært á árinu | 0 | 40.422.312 | 40.422.312 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (2.224.343) | (2.224.343) |
| Staða 31.12.2023 | 787.567.086 | 252.299.606 | 1.039.866.692 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða 1.1.2022 | 375.975.631 | 90.188.039 | 466.163.670 |
| Afskrift ársins | 7.244.359 | 36.150.106 | 43.394.465 |
| Staða 1.1.2023 | 383.219.990 | 126.338.145 | 509.558.135 |
| Afskrift ársins | 7.244.359 | 32.930.013 | 40.174.372 |
| Staða 31.12.2023 | 390.464.349 | 159.268.158 | 549.732.507 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2022 | 411.591.455 | 93.546.337 | 505.137.792 |
| Staða 1.1.2023 | 404.347.096 | 87.763.492 | 492.110.588 |
| Staða 31.12.2023 | 397.102.737 | 93.031.448 | 490.134.185 |
| Afskriftarhlutföll | 0-1% | 12-25% | |

| Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok: | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Guðrúnartún 1 | 1.299.200.000 | 1.853.250.150 |
| Iðnó, Vonarstræti 3 | 107.682.330 | 259.120.345 |
| Breiðamörk 19 | 74.010.000 | 90.650.000 |

Efling stéttarfélag á 28,33% í eigninni Vonarstræti 3. Reykjavíkurborg á 55% í eigninni og Sjómannafélag Íslands 16,67%. Reykjavíkurborg annast rekstur og viðhald á eigninni Vonarstræti 3. Efling stéttarfélag á listasafn sem metið er á kr. 10.377.000 í lok árs.

## 12. SKULDABRÉFA- OG VERÐBRÉFAEIGNIR

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | 5.111.237.639 | 3.709.366.631 |
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 1.218.912.034 | 1.198.888.900 |
| Hlutabréfaeign | 39.000.000 | 0 |
| Staða í árslok | 6.369.149.673 | 4.908.255.531 |

## 13. ORLOFSBYGGÐIR OG ORLOFSHÚS

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat 2023 | Fasteignamat 2022 | Matsbreyting |
|---|---|---|---|
| Stóra-Fljót Reykholti, 12 hús | 545.120.000 | 405.950.000 | 139.170.000 |
| Svignaskarð 17 hús | 469.450.000 | 432.280.000 | 37.170.000 |
| Akureyri 4 íbúðir, 4 raðhús | 366.050.000 | 310.450.000 | 55.600.000 |
| Ölfusborgir 10 hús | 202.144.146 | 174.174.517 | 27.969.629 |
| Brekkuskógur 3 hús | 119.050.000 | 110.500.000 | 8.550.000 |
| Hvammur 1 hús ásamt sumarbústaðalöndum | 104.890.000 | 94.480.000 | 10.410.000 |
| Svignaskarð / Fróðhús, jarðir ásamt byggingum og íbúðarhúsi í Skarði | 101.898.000 | 86.552.000 | 15.346.000 |
| Stykkishólmur 3 hús | 98.350.000 | 96.750.000 | 1.600.000 |
| Svignaskarðsland 2 hús | 66.500.000 | 57.850.000 | 8.650.000 |
| Úthlíð 3 hús | 56.790.000 | 51.670.000 | 5.120.000 |
| Einarsstaðir 3 hús | 52.900.000 | 46.000.000 | 6.900.000 |
| Hellishólar | 46.150.000 | 45.250.000 | 900.000 |
| Kirkjubæjarklaustur 2 hús | 38.300.000 | 33.100.000 | 5.200.000 |
| Illugastaðir 2 hús | 31.500.000 | 29.050.000 | 2.450.000 |
| Hólmavík | 22.850.000 | 17.400.000 | 5.450.000 |
| Flókalundur 2 hús | 20.700.000 | 16.080.000 | 4.620.000 |
| | 2.342.642.146 | 2.007.536.517 | 335.105.629 |

Orlofshús eru endurmetin á ári hverju miðað við breytingar á fasteignamati á milli ára. Endurmatið er fært sem sérstakt endurmat yfir eigið fé.

| Eignarhlutur í orlofsbyggðum: | Hlutdeild | Eignarhlutur 2023 | Eignarhlutur 2022 | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Orlofsbyggðin Ölfusborgum | 27,8% | 36.912.984 | 31.470.929 | 5.442.055 |
| Orlofsbyggðin Svignaskarði | 47,0% | 7.262.328 | 14.213.579 | (6.951.251) |
| Orlofsbyggðin Illugastöðum | 6,0% | 6.489.467 | 5.423.721 | 1.065.746 |
| Orlofsbyggðin Flókalundi | 15,4% | 3.343.867 | 2.111.999 | 1.231.868 |
| | | 54.008.646 | 53.220.228 | 788.418 |

Eignarhlutur í orlofsbyggðum er færður miðað við hlutdeild í eigin fé orlofsbyggðanna miðað við samþykkta ársreikninga þeirra.

Efling á aðild að þremur veiðifélögum.Veiðifélagi Gljúfurár í gegnum landið Svignaskarð, einnig Veiðifélagi Norðurár vegna sömu landareignar og Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga vegna landsspildu í Stóra fljóti Bláskógabyggð. Hlutur Eflingar í Gljúfurá er 20,1%, hlutur í Norðurá er 1 % og hlutur í Tungufljótsdeild er 0.9%. Arður er greiddur út til landeiganda í samræmi við þetta. Efling hefur engar kvaðir eða skyldur vegna aðildar að félögunum aðrar en að leyfa aðgang að ánum vegna veiðimanna. Réttindi eru réttur til þáttöku á félags- og aðalfundum með tillögu- og atkvæðisrétti. Allar þessar ár eru í útleigu samkvæmt útboðum og leigðar út til nokkurra ára í senn.

## 14. BUNDIN INNLÁN

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Bundnar innstæður - Landsbanki | 4.391.438.734 | 4.739.588.832 |
| Bundnar innstæður - Arion banki | 0 | 424.508.164 |
| | 4.391.438.734 | 5.164.096.996 |

Bundnar innstæður eru innstæður á bankareikningum sem eru bundnir allt að 30 daga.

## 15. EIGIÐ FÉ

| Eigið fé greinist þannig: | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 258.085.039 | 13.260.712.708 | 13.518.797.747 |
| Endurmat fastafjárm. | 242.956.786 | 0 | 242.956.786 |
| Gjöld umfam tekjur | 0 | (9.402.449) | (9.402.449) |
| Eigið fé 1.1.2023 | 501.041.825 | 13.251.310.259 | 13.752.352.084 |
| Endurmat fastafjárm. | 293.893.247 | 0 | 293.893.247 |
| Tekjur umfram gjöld | 0 | 714.809.688 | 714.809.688 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 794.935.072 | 13.966.119.947 | 14.761.055.019 |

## 16. ÁFALLINN FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 43.826.115 | 237.048.227 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu | (140.194.370) | (302.343.004) |
| Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts | 171.334.432 | 109.120.892 |
| Staða í árslok | 74.966.177 | 43.826.115 |

## 17. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

**Skráning tekna**

Félagsgjöld eru tekjufærð á þeim tímabilum sem þau falla til og byggja á skilagreinum frá Gildi-lífeyrissjóði sem hefur umsjón með móttöku félagsgjalda á árinu 2023.

Leigutekjur af orlofshúsum eru tekjufærðar við nýtingu orlofshúsa.

**Skráning gjalda**

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtukrafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri

mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

**Verðbréf**
Skuldabréf og verðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði og færist gangvirðisbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til. Óskráð hlutabréf eru færð á kostnaðarverði.

**Óinnheimt félagsgjöld**
Óinnheimt félagsgjöld eru færð á nafnverði.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Handbært fé**
Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Skuldbindingar**
Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

## SAMSTÆÐUYFIRLIT EFLINGAR STÉTTARFÉLAGS FYRIR ÁRIÐ 2023

| Rekstrarreikningur | Samstæða | Jöfnunarfærslur | Samtals | Félagssjóður | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | Vinnudeilusjóður | Fræðslusjóður | Styrktarsjóður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Félagsgjöld | 3.184.376.491 | 0 | 33.184.376.491 | 934.540.873 | 1.469.692.913 | 454.368.189 | 177.444.470 | 70.977.787 | 77.352.259 |
| Leiga á orlofshúsum | 87.751.478 | 0 | 87.751.478 | 0 | 0 | 87.751.478 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | 50.027.010 | 0 | 50.027.010 | 11.111.712 | 24.256.644 | 642.237 | 0 | 14.016.417 | 0 |
| **Tekjur samtals** | 3.322.154.979 | 0 | 3.322.154.979 | 945.652.585 | 1.493.949.557 | 542.761.904 | 177.444.470 | 84.994.204 | 77.352.259 |
| | | | | | | | | | |
| Kostnaður | | | | | | | | | |
| Bætur og styrkir | (2.006.707.635) | 0 | (2.006.707.635) | 0 | (1.730.515.074) | 0 | (194.969.553) | (301.148) | (80.921.860) |
| Kostnaður vegna félagslegs starfs | (314.128.965) | 0 | (314.128.965) | (259.533.862) | (4.376.033) | (2.674.753) | (27.348.981) | (19.372.335) | (823.001) |
| Rekstur orlofshúsa | (155.664.966) | 0 | (155.664.966) | 0 | 0 | (155.664.966) | 0 | 0 | 0 |
| Húsnæðiskostnaður | (101.262.639) | 0 | (101.262.639) | (55.063.655) | (27.842.951) | (5.965.711) | (5.965.711) | (1.835.603) | (4.589.008) |
| Rekstur skrifstofu | (731.449.760) | 0 | (731.449.760) | (538.252.492) | (56.727.990) | (92.045.181) | (1.599.081) | (37.335.231) | (5.489.785) |
| Afskriftir fastafjármuna | (40.174.372) | 0 | (40.174.372) | (20.750.336) | (16.263.910) | (3.160.126) | 0 | 0 | 0 |
| **Kostnaður samtals** | (3.349.388.337) | 0 | (3.349.388.337) | (873.600.345) | (1.835.725.958) | (259.510.737) | (229.883.326) | (58.844.317) | (91.823.654) |
| | | | | | | | | | |
| **Rekstrarniðurstaða** | (27.233.358) | 0 | (27.233.358) | 72.052.240 | (341.776.401) | 283.251.167 | (52.438.856) | 26.149.887 | (14.471.395) |
| Fjármagnstekjur | 470.975.625 | 0 | 470.975.625 | 77.438.339 | 197.085.075 | 48.096.632 | 105.532.722 | 29.224.439 | 13.598.418 |
| Fjármagnsgjöld | (4.520.008) | 0 | (4.520.008) | (1.839.052) | (331.014) | (2.330.213) | (11.773) | (7.956) | 0 |
| Gangvirðisbreyting verðbréfa | 446.921.871 | 0 | 446.921.871 | 124.020.320 | 204.631.173 | 0 | 118.319.178 | (48.800) | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | (171.334.432) | 0 | (171.334.432) | (33.677.387) | (74.567.848) | (9.461.272) | (44.206.906) | (6.429.368) | (2.991.651) |
| | 742.043.056 | 0 | 742.043.056 | 165.942.220 | 326.817.386 | 36.305.147 | 179.633.221 | 22.738.315 | 10.606.767 |
| | | | | | | | | | |
| **Tekjur umfram gjöld** | 714.809.698 | 0 | 714.809.698 | 237.994.460 | (14.959.015) | 319.556.314 | 127.194.365 | 48.888.202 | (3.864.628) |

## SAMSTÆÐUYFIRLIT EFLINGAR STÉTTARFÉLAGS FYRIR ÁRIÐ 2023

### Efnahagsreikningur

| Eignir | Samstæða | Jöfnunarfærslur | Samtals | Félagssjóður | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | Vinnudeilusjóður | Fræðslusjóður | Styrktarsjóður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | | | | | |
| Orlofshús | 2.396.650.792 | 0 | 2.396.650.792 | 0 | 0 | 2.396.650.792 | 0 | 0 | 0 |
| Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi | 397.102.737 | 0 | 397.102.737 | 61.182.420 | 332.707.358 | 3.212.959 | 0 | 0 | 0 |
| Áhöld, tæki og innréttingar | 93.031.448 | 0 | 93.031.448 | 60.349.872 | 23.550.542 | 9.131.034 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir | 6.369.149.673 | 0 | 6.369.149.673 | 1.960.667.419 | 2.610.755.770 | 0 | 1.797.726.484 | 0 | 0 |
| | 9.255.934.650 | 0 | 9.255.934.650 | 2.082.199.711 | 2.967.013.670 | 2.408.994.785 | 1.797.726.484 | 0 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | | |
| Útistandandi félagsgjöld | 257.781.260 | 0 | 257.781.260 | 42.942.081 | 117.878.542 | 70.633.483 | 14.392.080 | 5.756.832 | 6.178.242 |
| Viðskiptakröfur | 5.023.180 | 0 | 15.023.180 | 969.149 | 0 | 1.620 | 0 | 14.052.411 | 0 |
| Kröfur á tengda sjóði | 0 | (1.043.660.241) | 1.043.660.241 | 318.974.512 | 468.469.466 | 13.000 | 233.561.103 | 159.656 | 22.482.504 |
| Aðrar skammtímakröfur | 21.279.163 | 0 | 21.279.163 | 8.714.912 | 0 | 4.732.950 | 0 | 7.715.544 | 115.757 |
| Bundnar innstæður | 4.391.438.734 | 0 | 4.391.438.734 | 717.455.942 | 2.104.849.315 | 280.461.016 | 927.242.650 | 203.219.730 | 158.210.081 |
| Handbært fé | 1.065.753.375 | 0 | 1.065.753.375 | 63.729.114 | 12.544.152 | 424.172.640 | 95.385.809 | 255.714.114 | 14.207.546 |
| | 5.751.275.712 | (1.043.660.241) | 6.794.935.953 | 1.152.785.710 | 2.703.741.475 | 780.014.709 | 1.470.581.642 | 486.618.287 | 201.194.130 |
| **Eignir** | 15.007.210.362 | (1.043.660.241) | 16.050.870.603 | 3.234.985.421 | 5.670.755.145 | 3.189.009.494 | 3.268.308.126 | 486.618.287 | 201.194.130 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | | | | |
| **Eigið fé** | | | | | | | | | |
| Sérstakur endurmatsreikningur | 794.935.072 | 0 | 794.935.072 | 0 | 0 | 794.935.072 | 0 | 0 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | 13.966.119.957 | 0 | 13.966.119.957 | 2.492.734.344 | 5.551.034.919 | 2.238.875.080 | 3.234.119.689 | 279.145.676 | 170.210.249 |
| Eigið fé | 14.761.055.029 | 0 | 14.761.055.029 | 2.492.734.344 | 5.551.034.919 | 3.033.810.152 | 3.234.119.689 | 279.145.676 | 170.210.249 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | | | | | |
| Áfallinn fjármagnstekjuskattur | 74.966.177 | 0 | 74.966.177 | 22.159.785 | 32.386.061 | 0 | 20.420.331 | 0 | 0 |
| | 74.966.177 | 0 | 74.966.177 | 22.159.785 | 32.386.061 | 0 | 20.420.331 | 0 | 0 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | | | |
| Skuldir við tengd félög | 0 | (1.043.737.431) | 1.043.737.431 | 617.691.518 | 22.482.504 | 151.816.386 | 13.357.667 | 207.405.475 | 30.983.881 |
| Aðrar skammtímaskuldi | 171.189.156 | 77.190 | 171.111.966 | 102.399.774 | 64.851.661 | 3.382.956 | 410.439 | 67.136 | 0 |
| | 171.189.156 | (1.043.660.241) | 1.214.849.397 | 720.091.292 | 87.334.165 | 155.199.342 | 13.768.106 | 207.472.611 | 30.983.881 |
| Skuldir | 246.155.333 | (1.043.660.241) | 1.289.815.574 | 742.251.077 | 119.720.226 | 155.199.342 | 34.188.437 | 207.472.611 | 30.983.881 |
| **Eigið fé og skuldir** | 15.007.210.362 | (1.043.660.241) | 16.050.870.603 | 3.234.985.421 | 5.670.755.145 | 3.189.009.494 | 3.268.308.126 | 486.618.287 | 201.194.130 |

# SAMSTÆÐUYFIRLIT EFLINGAR STÉTTARFÉLAGS FYRIR ÁRIÐ 2023

## Sjóðstreymi

| | Samstæða | Jöfnunarfærslur | Samtals | Félagssjóður | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | Vinnudeilusjóður | Fræðslusjóður | Styrktarsjóður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | | | |
| Tekjur umfram gjöld | 714.809.698 | 0 | 714.809.698 | 237.994.460 | (14.959.015) | 319.556.314 | 127.194.365 | 48.888.202 | (3.864.628) |
| Afskriftir | 40.174.372 | 0 | 40.174.372 | 20.750.336 | 16.263.910 | 3.160.126 | 0 | 0 | 0 |
| Hækkun, (lækkun) á skuldb. fjármagnstekjuskatts | 31.140.062 | | 31.140.062 | 14.759.970 | 6.952.566 | 0 | 9.427.526 | 0 | 0 |
| Verðbætur og gangvirðisbr. af eignum og skuldum | (446.954.069) | | (446.954.069) | (124.020.320) | (204.631.845) | 0 | (118.301.904) | 0 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | 339.170.063 | 0 | 339.170.063 | 149.484.446 | (196.374.384) | 322.716.440 | 18.319.987 | 48.888.202 | (3.864.628) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun | 37.636.241 | 464.232.860 | (426.596.619) | (74.308.177) | (346.935.274) | (36.219.745) | (31.170.489) | 56.699.273 | 5.337.793 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | 17.090.610 | (464.232.860) | 481.323.470 | 365.189.738 | 2.929.505 | 35.129.602 | 11.467.257 | 60.294.582 | 6.312.786 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 393.896.914 | 0 | 393.896.914 | 440.366.007 | (540.380.153) | 321.626.297 | (1.383.245) | 165.882.057 | 7.785.951 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 393.896.914 | 0 | 393.896.914 | 440.366.007 | (540.380.153) | 321.626.297 | (1.383.245) | 165.882.057 | 7.785.951 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | | | |
| Keyptir/seldir varanl. rekstrarfjárm. | (80.198.769) | | (80.198.769) | (32.222.969) | 0 | (47.975.800) | 0 | 0 | 0 |
| Keypt/seld skuldabréf | 1.667.975 | | 1.667.975 | 1 | 1.667.974 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir skuldabréfa | 112.504.440 | | 112.504.440 | 11.528.206 | 67.443.722 | 0 | 33.532.512 | 0 | 0 |
| Keypt/seld fjárfestingaverðbréf | (1.128.112.488) | | (1.128.112.488) | (707.316.826) | 194.941.154 | 0 | (615.736.816) | 0 | 0 |
| Bundnar bankainnstæður | 772.658.262 | | 772.658.262 | (221.834.485) | 163.395.194 | (18.245.438) | 871.865.536 | (12.762.391) | (9.760.154) |
| | (321.480.580 | 0 | (321.480.580) | (949.846.073) | 427.448.044 | (66.221.238) | 289.661.232 | (12.762.391) | (9.760.154) |
| Hækkun handbærs fjár | 72.416.334 | 0 | 72.416.334 | (509.480.066) | (112.932.109) | 255.405.059 | 288.277.987 | 153.119.666 | (1.974.203) |
| Handbært fé í upphafi árs | 993.337.040 | | 993.337.040 | 573.209.179 | 125.476.261 | 168.767.581 | 7.107.822 | 102.594.448 | 16.181.749 |
| Handbært fé í lok árs | 1.065.753.375 | 0 | 1.065.753.374 | 63.729.113 | 12.544.152 | 424.172.640 | 295.385.809 | 255.714.114 | 14.207.546 |

EFLING
STÉTTARFÉLAG